

Á fjarfundi með velferðarnefnd Alþingis var til umfjöllunar frumvarð um framlengingu hlutabótaleiðar. Á fundinum var ég spurður áhlits um efnisatriði þess sem einnig og í meira mæli snerta frumvarp um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, sem er í meðferð efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. Leyfi ég mér að senda henni sem umsögn um það frumvarp bréf sem ég ritaði velferðarnefnd til svars við spurningum sem fram komu á fundi velferðanefndar.

Virðingafyllt
Indriði H. Þorláksson
fyrrverandi ríkisskattstjóri

Afrit af bréfi til velferðarnefndar Alþingis

“Velferðarnefnd Alþingis
Helga Vala Helgadóttir formaður

Að ósk velferðarnefndar sat ég fjarfund með henni 22. maí sl. vegna frumvarps um framlengingu hlutabótaleiðar. Tilefnið var einkum að ræða hvort þeir sem nýta sér starfsemi skattaskjóra væru útilokaðir frá stuðningi skv. lögnum. Var ég spurður áhlit á ákvæðum frumvarpsins í því efni. Ég lýsti þeirri skoðun minni að engin ákvæði sem útiloka slíka aðila væru í frumvarpinu. Aðspurður um hvernig orða mætti slíkt ákvæði treysti ég mér ekki til að gera það án frekari athugunar. Af þessu tilefni sendi ég nefndinni hér með tvær hugmyndir að orðalagi sem að mínu mati myndi koma í veg fyrir eða draga úr því að aðilar sem nota skattaskjól í starfsemi sinni geti flutt hagnað af starfsemi hér úr landi án þess að greiða hér skatta eins og skylt er.

Munurinn á þessum hugmyndum er sá að tillaga A er byggð á þeirri afstöðu, sem verið hefur að styrkjast í fjölþjóðlegu samstarfi, að skattaskjól séu sem slík skaðleg fyrir þjóðir heims frá efnahagslegu og félagslegu sjónarmiði, ræni lönd skatttekjum, séu hemill á efnahagslegar framfarir og auki misskiptingu eigna og tekna. Tilgangur þeirra sem þau nota sé sá einn að komast undan því að greiða sinn hluta af samfélagslegri starfsemi. Skattaskjól sem slík eigi því að útiloka frá samskiptum á við önnur ríki og alþjóðasamfélagið. Tillaga A felur í sér að tengsl við lágskattasvæði ein sér, þ.e. að hafa búið til möguleika á tekjuflutningi þangað, nægi til þess að útiloka viðkomandi aðila frá stuðningi með fé úr sjóðum almennings sem þeir hafa sýnt að þeir vilji ekki greiða sinn hluta til.

Tillaga B er frábrugðin að því leyti að með henni er gengið skemmra. Í henni er miðað við að til þess að öðlast rétt skv. lögnum þurfi að liggja fyrir að viðkomandi félag hér á landi eða raunverulegur eignandi þess hafi ekki átt í fjárhagslegum samskiptum við aðila sem staðsettur er á lágskattasvæði síðast liðin þrjú ár. Formleg en óvirk tengsl af þessum toga hafi því ekki áhrif á rétt hans.

Í báðum tilvikum er gert ráð fyrir að framkvæmdin verði á grundvelli yfirlýsingar viðkomandi félags eða raunverulegs eiganda þess um að skilyrðin séu uppfyllt. Krefst það því ekki vinnu í stjórnsýslunni við að staðreyna réttinn fyrirfram í einstökum tilvikum. Verði viðkomandi síðar

uppvís að rangri verður hann krafinn um endurgreiðslu og viðurlögum beitt sem þurfa að vera næg til fælingar. Þessi vinnubrögð eru í samræmi við það sem almennt tíðkast í skattastjórnsýslunni.

Tillaga A.

Lög þessi gilda um einstaklinga og lögaðila sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á Íslandi, sem höfðu hafið starfsemina fyrir 1. febrúar 2020. Löggin gilda ekki um einstaklinga eða lögaðila sem hafa beint eða óbeint eignarhald eða stjórnun í hvers kyns félagi, sjóði eða stofnun, sem telst vera með heimilisfestu í lágskattaríki, sbr. 57. gr. a laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, né um lögaðila ef raunverulegur eigandi hans er með heimilisfestu á lágskattasvæði skv skilgreiningu sömu laga eða á eða ræður hvers kyns félagi, sjóð eða stofnunar á slíku svæði. Umsókn um stuðning skv lögnum skal fylgja yfirlýsing viðkomandi einstaklings, félags eða eftir atvikum raunverulegs eiganda um að skilyrði þessa málsliðar séu uppfyllt.

Tillaga B

Lög þessi gilda um einstaklinga og lögaðila sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á Íslandi, sem höfðu hafið starfsemina fyrir 1. febrúar 2020. Löggin gilda ekki um einstaklinga eða lögaðila, sem á sl. þremur árum hafa átt í fjárhagslegum samskiptum beint eða í gegnum félag sem þeir eiga ráðandi hlut í, við hvers kyns félaga, sjóð eða stofnun, sem telst vera með heimilisfestu í lágskattaríki, sbr. 57. gr. a laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, né um lögaðila ef raunverulegur eigandi hans er með heimilisfestu á lágskattasvæði skv skilgreiningu sömu laga eða hefur á sl. þremur árum átt í fjárhagslegum samskiptum beint eða í gegnum félag sem hann á ráðandi hlut í við hvers kyns félag, sjóð eða stofnun á slíku svæði. Umsókn um stuðning skv lögnum skal fylgja yfirlýsing viðkomandi einstaklings, félags eða eftir atvikum raunverulegs eiganda um að skilyrði þessa málsliðar séu uppfyllt.

Auk framangreinds var ég einnig spurður álits um þær takmarkanir sem settar eru á arðgreiðslur o.fl. í frumvarpinu. Ég tel þær takmarkanir vera góðra gjalda verðar sem viðleitni en bendi á að það sem þar er nefnt er aðeins hluti af því hvernig hagnaði fyrirtækja er ráðstafað og líklega ekki sá umfangsmesti. Uppbygging á eigin fé með kaupum á hlutabréfum í öðrum fyrirtækjum, stofnun nýrra fyrirtækja, fjárfestingu í sjóðum, ríkisverðbréfum eða öðrum verðbréfum eru allt leiðir sem færar eru og notaðar. Ekki eru ljós rök fyrir því að miða eingöngu við tiltekna ráðstöfun hagnaðar þótt hún hafi verið tilefni umfjöllunar í fjölmiðlum í stað þess að miða við það sem liggur ráðstöfun hagnaðar til grundvallar, þ.e. afkomu og fjárhagslega stöðu félagsins og þörf þess fyrir stuðning.

Líta má hlutabætur sem tímabundna rýmkun á rétti launamanna til atvinnuleysisbóta fremur en fjárhagslegan stuðning við fyrirtækin og því eigi athugasemdir þessar ekki við nema að litlu leyti. Af þeim upplýsingum sem birtar hafa verið um þau fyrirtæki sem nýtt hafa þetta úrræði má þó ætla að það hafi að hluta til verið notað sem tækifæri til að létta undir með starfsemi sinni stundum af óljósu tilefni. Ástæða þess að það er unnt er að réttur til stuðnings skv. lögnum er ekki tengdur raunverulegri þörf eða mati á henni öfugt við það sem gerist í opinberum velferðarkerfum þar sem millifærslu til einstaklinga eru jafnan byggðar á einhvers konar þarfagreiningu eins og kemur fram í lífeyri almannatrygginga, örorkulífeyri, barnabótum, vaxtabótum og atvinnuleysisbótum. Sú regla virðist ekki eiga að gilda um stuðning við fyrirtæki.

Athugasemdirnar þessar eiga hins vegar efnislega í meira mæli við um annað lagafrumvarp sem er samhliða til umfjöllunar á Alþingi, þ.e. frumvarp til laga um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti. Það frumvarp er byggt er upp með svipuðum hætti hvað

varðar rétt til stuðnings. Efni þess frumvarps er aftur á móti hreinn fjárhagslegur stuðning við fyrirtæki en breytir litlu um fjárhagslega stöðu launamanna. Þeir eiga þessa sömu launakröfu á hendur launagreiðanda eða eftir atvikum þrotabú hans eða ábyrgðarsjóð launa óháð ákvæðum frumvarpsins. Þar sem stuðningurinn er á engan hátt tengdur mati á þörfum fyrirtækjanna eða getu þeirra til að standa við launaskuldbindingar sínar án þess að tímabundnir erfiðleikar setji arðbæra framtíðarstarfsemi í hættu eru miklar líkur á að stór hluti hans renni til fyrirtækja sem ekki þurfa á honum að halda og endi að lokum sem aukning á eigin fé þeirra.

Af þessum ástæðum verður afrit bréf þessa sent efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sem umsögn undirritaðs.

Virðingafyllt
Indriði H. Þorláksson
fyrirverandi ríkisskattstjóri”